


HÚSEYJARKVÍSL OG SVARTÁ 1990

TUMI TÓMASSON

Hólum, maí 1991

VMST-N/91004X

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Békaufn



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Norðurlandsdeild

521

HÚSEYJARKVÍSL OG SVARTÁ 1990

TUMI TÓMASSON

Hólum, maí 1991

VMST-N/91004X



VEIÐIMÁLASTOFNUN - NORÐURLANDSDEILD
Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

HUSEYJARKVISL OG SVARTA 1990

INNGANGUR

A undanförnum árum hefur verið unnið markvisst að laxrækt í Húseyjarkvisl og Svartá. Uppeldisskilyrði á ólaxgengum svæðum hafa verið metin og fylgst hefur verið með afdrifum sleppiseiða og seiða sem klakist hafa úr hrognum sem voru sett á þessum svæði. Jafnframt hefur verið fylgst með náttúrulegum seiðastofni árinnaðar neðan við Reykjafoss.

Arangur seiðasleppinga er fyrst og fremst metin í þeirri veiðiaukningu sem þær gefa. Því er nauðsynlegt að safna góðum upplýsingum um veiðina og hreistursynum af veiðdum lögum. Síðastliðið sumar voru tekin 28 syni, sem er mun betra en áður var. Þó þarf enn að gera áttak í þessum eignum til að fá áreiðanlegri niðurstöður.

Rafveiðar fóru fram með venjulegum hætti. Um miðjan ágúst var rafveitt á 10 stöðum sem allir hafa verið rafveiddir af og til á undanförunum árum.

Nánari lýsingu á ánni og laxræktarmöguleikum í henni er að finna í eldri skýrslum og er því vísað til þeirra hér fyrir þá sem koma nýjir að málinu (Tumi Tómasson 1989 og 1990).

NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöður rafveiðanna er að finna í Töflu 1 og á Mynd 2.

Lax er allstaðar ríkjandi tegund, nema í Grófargilsá þar sem einungis veiddust urriðaseiði. Seiðin þar voru mjög feit og alveg óhætt að bæta á garðann. Þegar laxaseiðum er sleppt neðarlega í Grófargilsá ganga þau öll út á tveimur árum og hafa mun betri vöxt en hliðstæð seiði annarstaðar í kerfinu.

Sumarið 1989 var sleppt vorgömlum seiðum í Mælifellsá og þau fundust í nokkru magni á stöðum 3 og 5. Til að sleppingar sem þessar beri sem bestan árangur er mikilvægt að dreifa þeim vel um ána en núna nýtist ekki nema hluti árinna til uppeldis á þessum árgangi. Sleppiseiði í Mælifellsá dafna vel, en þó þarf stór hluti þeirra 3 ár í ánni áður en þau ganga til sjávar. Það er því mikilvægt að seiðum sé vel dreift og að þau fái nóg pláss.

Rafveiðar í Svartá syndu verulegt magn seiða sem munu ganga til sjávar næsta vor. Vöxtur þar er heldur betri en í Mælifellsá en þó situr stór hluti 3 ár í ánni nema á kaflanum fyrir ofan Reykjafoss. Þaðan ganga langflest seiðin út sem 2+.

Eins og áður hefur verið minnst á eru uppeldisskilyrði fyrir lax mjög takmörkuð í Húseyjarkvísl. Rafveiðarnar nú syndu mjög svipaða niðurstöðu og á undanförunum árum. Hrygning við Saurbæ, en þaðan gengu laxaseiðin upp ána en urriðaseiðin niður. Einungis eitt vorgamalt seiði fékkst að þessu sinni og var það óvenju smátt sem bendir til að vatnshiti hafi verið fremur lágur s.l. sumar. Það kann líka að skýra hvers vegna tiltölulega hátt hlutfall sleppiseiða ofar í kerfinu dvelur nú 3 vetur í ánni.

Aldursgreining hreistursyna er tekin saman í Töflu 2 og aldur einstakra syna kemur fram á blöðum sem fylgja skýrslunni. Af 22 synum af löxum sem höfðu verið 2 ár í sjó var helmingurinn upprunninn úr smáseiðasleppingum 1986, en það ár var einmitt hafist handa um kerfisbundnar athuganir og seiðasleppingar. Ekki er hægt að sjá að smáseiðasleppingarnar 1987 hafi lagt mikið til veiðinnar nú, einungis einn smálax af 6 má rekja til þeirra sleppinga.

UMRÆÐA OG ALYKTANIR

Til að raunverulega meta árangur seiðasleppinga á ólaxgeng svæði, eða gönguseiðaslepping á laxgeng svæði þarf að taka tillit til margra þátta

Það er ekkert sem bendir til annars en að það sé oftast næg hrygning í Húseyjarkvísl þannig að markmið laxræktunaraðgerða er fyrst og fremst að ná fram veiðiaukningu og að fá mat á hvort það geti borgað sig að gera við laxastigann í Reykja-fossi og stækka veiðisvæðið.

Í flestum tilfellum minnkar hlutfall veiddra laxa úr göngu eftir því sem gangan er stærri. Þetta getur leitt til þess að hrygning verði of mikil á laxgengum svæðum þegar ólaxgeng svæði eru nýtt sem uppeldissvæði án þess að veiðisvæðið hafi verið stækkað eða veiðistöðum fjölgað. Í Húseyjarkvísl eru slík áhrif líklega óvenju lítil því hrygning á sér fyrst og fremst stað neðarlega á uppeldissvæðinu og seiðin ganga síðan upp á svæði þar sem botninn er gryttari og hentugra búsvæði fyrir stærri seiði. Þannig verður samkeppni milli árganga tiltölulega takmörkuð því að það má reikna með að afföll vegna samkeppni verði langmest á fyrstu árum. Gönguseiða-framleiðsla á laxgenga hlutanum er því líklega tiltölulega háð stærð hrygningarstofnsins, eftir að hann nær vissu lágmarki. Það er þó mikilvægt að reyna að fá einhvern mælikvarða á stærð hrygningarstofnsins. Mat á heildarstærð göngunnar er nauðsynlegt til að menn geti tekið afstöðu til hvort það borgi sig að gera laxgengt fram í Svartá.

Ef við gerum ráð fyrir að helmingur veiddra smálaxa 1989 og stórlaxa 1990 séu úr sleppingum 1986, þá hafa þær sleppingar gefið 22 smálaxa og 69 stórlaxa. Alls var sleppt 8500 seiðum og heimtur í veiði eru því rúmlega 1%. Það má gera ráð fyrir að einhver hluti sleppingarinnar skili sér sem smálax 1990 og stórlax 1991, en líklega hefur þó hlutfall sleppiseiða sem

þarf þriggja ára ferskvatnsdvöl aukist verulega frá 1986 til 1987. Sleppingin 1986 var í engri samkeppni við eldri árganga og kom að vannyttum fæðudýrstofnum sem getur hafa gert gæfumuninn. Þannig má reikna með að áhrif smáseiðasleppinga hafi minnkað sumarið 1990, en muni aukast aftur 1991.

Eg tel að enn liggi ekki fyrir nógar upplýsingar til að hægt sé að meta vel árangur smáseiðasleppinga. Hinsvegar bendir þó flest til að með þeim sé hægt að stórauka laxgengd í Húseyjarkvísl. Það verður síðan að ráðast af verðmæti veiðiaukningarinnar hvort sleppingarnar svari kostnaði. Enn vantar þó betri upplýsingar til að skapa grundvöllinn að slíku mati.

Smáseiðasleppingar 1991 ættu að einskorðast við Svartá og þar ætti að leggja mesta áherslu á sleppingar, þar sem botngerðin er grófust á um 3 km kafla framantil í ánni og á um 500 m kafla fyrir ofan Reykjafoss. Þar á milli má dreifa seiðum á einstaka brot og grýtta kafla en það þjónar engum tilgangi að sleppa þar sem áin er lygn og þar sem botninn er fínn, skjóllítill og á hreyfingu.

HEIMILDIR


- | | |
|---------------------|--|
| Tumi Tómasson 1989. | Laxrækt í Húseyjarkvísl og Svartá 1985-1988. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-N/89012X |
| Tumi Tómasson 1990. | Athugun á seiðastofnum Húseyjarkvísar og Svartár 1989. Skýrsla Veiðimálastofnunar VMST-N/90012X. |

Tafla 1. Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m² í rafveiðum 15 ágúst 1990, eftir tegundum og aldri.


	Stærð m	0+	1+	Lax 1+ss	2+	2+ss	Urriði >0+	Bleikja >0+
Svartá								
2	30x2	-	-	-	-	1.5	-	-
3	40x12	-	-	-	-	2.5	-	-
4	35x12	-	-	2.8	-	0.4	-	-
Húseyjarkvísl								
1	45x10	-	4.6	-	1.3	-	-	-
2	40x10	0.2	2.0	-	0.2	-	3.0	-
Mælifellsá								
2	30x8	-	-	-	2.9	-	-	-
3	40x10	1.2	-	-	1.5	-	-	0.2
4	20x10	-	-	-	0.5	-	-	-
5	35x12	1.9	-	-	0.5	-	0.5	-
Grófargilsá								
1	35x6	-	-	-	-	-	7.6	-

Tafla 2. Aldursgreining hreistursyna af löxum veiddum í Húseyjarkvísl 1990.

Sjávaraldur					
Ferskvatnsaldur	1 ár		2 ár		
	fj	%	fj	%	
2 ár	1	17	11	50	
3 ár	4	66	11	50	
4 ár	1	17	-	-	
Samtals	6	100	22	100	



Mynd 1. Yfirlitskort af vatnasvæði Húseyjarkvíslar.



Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða á vatnasvæði Húseyjarkvíslar 15. ágúst 1990.

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN
PÓSTEÓLF 754-101 REYKJAVÍK

FRÉISTURSÝNI

Vatnsfall: Háuseyjarvíst

Fisktegund: Lax

Sendandi: Þrangveidifélagið
Þraumar

Fjöldi sýna: 28

Veidiár: 1990

nr	Veiddagur	Kyn	Langd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
1	16.06	♂	96	8.7	2+	2+	Reykjafoss
2	19.06	♀	76	4.5	2+	2+	"
3	"	♀	84	6.0	3+	2+	Laxhytur
4	"	♂	90	7.5	3+	2+	"
5	"	♀	78	5.5	2+	2+	Reykjafoss
6	23.06	♀	102	9.5	3+	2+	Laxhytur
7	24.06	♀	90	6.0	2+	2+	Gullhytur
8	29.06	♀	86	7.0	3+	2+	Næðan Þauðbjörk
9	"	♀	76	4.0	2+	2+	Réttarhytur
10	"	♀	80	5.0	2+	2+	Þuggi
11	06.07	♀	80	5.0	3+	2+	Réttarhytur
12	10.07	♀	87	6.0	2+	2+	Langarhytur
13	"	♀	78	4.0	2+	2+	"
14	14.07	♂	85	7.0	3+	2+	Þvæli C.
15	17.07	♀	67	3.0	4+	1+	Laxhytur
16	"	♀	65	2.5	3+	1+	Klapparhytur
17	"	♂	71	3.5	2+	1+	Laxhytur
18	22.07	♀	82	5.5	3+	2+	Langarhytur
19	"	♂	90	6.5	2+	2+	Klapparhytur
20	"	♀	80	5.0	2+	2+	Reykjafoss
21	24.07	♀	79	4.9	3+	2+	Laxhytur
22	"	♀	80	5.1	3+	2+	"
23	24.07	♀	84	6.0	3+	2+	Klapparhytur
24	30.07	♂	68	2.9	3+	1+	Langarhytur
25	"	♂	62	2.4	3+	1+	Klapparhytur
26	07.08	♂	97	8.5	3+	2+	Laxhytur
27	12.08	♀	81	5.0	2+	2+	"
28	26.08	♂	60	1.9	3+	1+	Klapparhytur